

Tvær ólíkar

Erla Þórarinsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir

Erla Þórarinsdóttir heldur sýningu í Gallerí Borg við Austurvöll og hefur uppi bæði málverk og teikningar. Erla hefur lengi dvalið í útlöndum; Svíþjóð, New York og París. Þar hefur hún málað, framið gjörninga og önnur uppátæki með tilheyrandi sprengikrafti. Þótt ég hafi ekki oft séð verk eftir Erlu, hef ég bæði heyrt af sýningum hennar, einkum þar sem hún hefur tekið þátt ásamt öðrum Íslendingum.

Það vakti því forvitni mína að sjá heila sýningu með verkum hennar, en eftir því sem ég best veit er þetta fyrsta einkasýning hennar hér. Það fer ekki á milli mála að ég bjóst við öðru en því sem ég sá. Vissulega er það góðs viti, því ef eitthvað er leiðinlegt, þá er það einmitt það að sjá listsýningu sem er nákvæmlega eins og maður bjóst við.

Hins vegar hafði ég gert mér vonir um að sjá meira skap bak við málverkin. Vissulega var í teikningunum ýmislegt að finna af þeim frumkrafti sem Erla sækist eftir. En málverk hennar voru heftari en ég átti von á. Nú er ekki svo að skilja að ég sé að heimta einhvern expressionisma af Erlu, með tilheyrandi juði og gluði á strigann. Hins vegar býður innihald verka hennar upp á hressilegri og frumstæðari vinnubrögð.

Það er ekkert eins leiðinlegt og tamin villidýr. Þar með er talin sú list sem sækir föng sín til frumstæðra godmagna og frumgerðra (Arkitýpa). Hafi hún ekki til að bera þann kyngikraft sem einkennir list frumstæðra þjóða, fellur hún flöt. Þarna eru komnar hætturnar sem stéðja að list Erlu Þórarinsdóttur og hún verður að varast hið fyrsta.

Nú sá ég í möppum sem fylgdu sýningu hennar, allt aðrar hliðar

og fjörlegri á list hennar. Það voru sjálfsprottin viðbrögð og gjörningakennnd svör við umhverfinu. Virtist það allt annað en bragðdauft. Getur það verið að Erla hafi breytt um aðferðir við að koma til Íslands? Vonandi hefur landið ekki svo slæm áhrif á hana þegar fram líða stundir.

yfirleitt rólyndislegri afstöðu og fíggullu til umhverfisins.

Allt kemur þetta fram í verkum Guðrúnar, enda kemst hún oft býsna nærri kjarna þeim sem finna má í taóískum fræðum. Samsetningar hennar fjalla um tómt það sem leitar á hugann þegar menn renna saman við sköpunarverkið. Guðrún býr sjálf til pappírinn sem hún notar í samsetningar sínar. Þannig skapar hún ekki aðeins verk sín heldur einnig efnið sem hún vinnur með. Óhjákvæmilega hlýtur samband hennar við afurðirnar að verða sérstaklega náð fyrir vikið.

Og Guðrún hefur um margar leiðir að velja. Hún getur leikið á sínu strengina; hið dæmigerða, austræna, þar sem blæbrigðin eru óendanlega gagnsæ. Hún getur einnig teft fram hinu volduga og hráa, sem við getum kallað vest-rænt, eða bara íslenskt, af því að íslensk náttúra í umhverfi og mönnum er ekki beinlínis slípuð af árpúsundalangri þróun. Hún getur einnig blandað þessu hvoru tveggja saman og skapað togstreitu milli ólíkra þátta, minnug þess að hið hrjóstruga umhverfi okkar hefur í sér fölgjar undursamlegar vinjar þegar minnst varir.

Ég get ekki neitað því að ég er alltaf veikur fyrir list sem er opin í alla enda og á sér alls staðar útgöngudyr. Slík list heyrir nefnilega ekki bara til núinu heldur einnig framinu. Áhorfandinn fær það á tilfinninguna að hann standi frammi fyrir einhverju sem sé rétt að byrja og eigi langa lífdaga fyrir höndum. Út af fyrir sig þýðir það að í verkum Guðrúnar er að finna fleiri víddir en þær sem sjást við fyrstu sýn. Verk hennar bera með sér bjartsýni sem er ekki algeng á þessum síðustu og verstu tímum.

Kjarval átti sér fáeina nemendur, sem hann kenndi með allsérstæðum hætti. Þegar þeir höfðu lokið við mynd og væntu gagnrýni hans, sagði hann alltaf: „Haltu bara áfram góði minn.“ Og raunar er það hið eina sem vert er að segja við Guðrúnu Kristjánsdóttur.

HBR.



HALLDOR B. RUNÓLFSSON

Erla hefur nefnilega til brunns að bera ákveðinn frumkraft sem kemur fram í bestu verkum hennar. Það væri synd ef þröngsýnt andrúmsloft hér heima og sjúkleg þörf ýmissa sýningagesta fyrir sleikjulega list, tækist að drepa niður þá orku sem ég veit að býr innra með listamanninum. En of snemmt er að örventa. Ef til vill er þetta bragð Erlu til að koma aftan að fólk, en slíkt er auðvitað nauðsynlegt og sjálfsgagt á stundum. Því er vert að biða og sjá hverju fram vindur, þegar okkar frumstæða jörð fer að verka á Erlu með meiri þunga.

Guðrún Kristjánsdóttir fer allt aðrar leiðir á gangi Kjarvalstaða, þar sem hún sýnir pappírsmýndir og samlímd efni. Guðrún er ekki að reyna að sprengja kringum sig eins og Erla. Afstaða hennar til náttúrunnar er miklu átakaminni, eða réttara sagt heimspekilegri. Þá er auðvitað átt við austræna heimspeki, en þar hafa menn komist einna lengst í að skapa samræmi milli sín og umhverfisins.

Þetta er afstaða þeirra sem búið hafa lengi í snertingu við náttúruna og fundið hringrás hennar umlykja sig. Expressionisminn er borgarfyribærri, enda uppgötvaði Munch hann þegar hann komst í snertingu við ys og þys Kristjáníu, amstrið í París og búllurnar í Berlín. Þeir sem nær eru sjálfum upprunum taka

getrauna-VINNINGAR!

8. leikvika – 11. október 1986

Vinningsröð: 1 1 1 – 1 2 X – 1 1 1 – 1 1 1

1. Vinningur: 12 réttir kr. 107.700.-

1391+ 42343(4/11) 96029(6/11)+ 127414(6/11) Úr 7. viku: 6646(3/11) 48887(4/11) 126945(6/11)+ 553560 62481(4/11)

2. Vinningur: 11 réttir kr. 2.245.-

352	13325	47970*	56470	95597+	125292	201139
1683+	13939	48507	56579+	96030+	125445*	202690+
2425	14132	48715	56756	96357	126170	206590
3605	16935	49641	57617*	96749	127085*	206598
3787	16984	49642*	59130*	97317*	127309*	206640
4056+	17752+	51741	59240	97701	127310*	206952*+
4084	40251	51938	59773	97758	127826	206974+
4324	41706+	52030	59920+	98317	127841	206980+
5921	42690+	52226+	60503	98451	128007	207421
6426	43572	52428+	62217*+	99186+	128432	
6465	43603	53017	62285	99223	128824*	Úr 5. v.: 52500
7157	45476	53401	62444	100556+	129018	
7706	45755	54518	63062+	101162	129765*+	
11043	46116	54544	65003	101188	129944	Úr 7. v.: 52730
11708	46789	54543	95009	101319	130515*	
12182+	46850	54695	95101*	101584	130516*	54091*
12678	46935*	54972+	95489	101841	184129	101765+
12857	46988	55259	95571	102001+	184350	
12943+	47086	55437+	95588	125238	184493	
13149	47969*	56001	95590	125247	184605	*=2/11

Kærufrestur er til mánudagsins 3. nóv. 1986 kl.12.00 á hádegi.



Íslenskar Getraunir, Íþróttamiðstöðinni v/Sigtún, Reykjavík

Kærur skulu vera skriflegar. Kæruedyðublöð fást hjá umboðsmönnum og á skrifstofunni í Reykjavík. Vinningsupphæðir geta lækkað, ef kærur verða teknar til greina.

Handhafar nafnlausra seðla (+) verða að framvísa eða senda stofninn og fullar upplýsingar um nafn og heimilisfang til Íslenskra Getrauna fyrir loka kærufrests.

ÞJÓÐVILJINN
68 13 33

alþýðu-bladið
68 18 66

Tíminn
68 63 00

Blaðburður er BESTA TRIMMIÐ og borgar sig!

LAUS HVERFI NÚ ÞEGAR:

Neshagi
Melhagi
Einimelur
Hagi v/Hofsvallagötu

Garðastræti 33 – út, og 34 út
Hólavallagata
Hólatorg
Kirkjugarðsstígur
Hávallagata

Hafðu samband við okkur

ÞJÓÐVILJINN

Síðumúla 6

68 13 33



FRÆDSLUMIÐSTÖÐ IÐNAÐARINS

Málmiðnaðarmenn – vélstjórar – iðnnemar

Námskeið í hlífðargassuðu verður haldið á Iðntæknistofnun Íslands, Keldnaholti, dagana 20.-25. okt., ef þátttaka verður næg. Upplýsingar og innritun í sínum 687000 og 687440.

Sérkennarar

Kennara vantar að skóla geðdeildar Barnaspítala Hringins, Dalbraut 12. Upplýsingar veitir skólastjóri í síma 82528.

Laus staða

Staða skattendurskoðanda á Skattstofu Austurlandsumdæmis á Egilsstöðum er laus til umsóknar. Laun skv. launakerfi starfsmanna ríkisins. Umsóknir er greina frá aldri, menntun og fyrri störfum skulu sendar til skattstjóra Austurlandsumdæmis, Selási 8, 700 Egilsstöðum, fyrir 1. nóvember nk.

Egilsstöðum 3. október 1986

Skattstjóri Austurlandsumdæmis.